

SAGA ÁSTARINNAR

(*Quid sit amor et quid futurus*)

I

Ef skilja skal eðli ástarinnar, þá verður að færa sér í nyt þær fögru rannsóknir, sem gerðar hafa verið á því sem þangað lýtur, í dýra- og jurtaríki. Og mjög mikið má læra af því að athuga ástir fyrstlinganna. Þessar ósýnilegu smáverur renna saman og fara síðan að vaxa, og detta sundur í nýja einingja (einingi: *individ*). Samdráttur fyrstlinganna virðist greinilega sýna, að það sé til nokkurskonar ástarað-dráttur, sem sé líkamlegs eðlis, engu að síður en þyngdar-, segul- eða rafaðráttur. Herbert Spencer hefir í líffræði sinni, af mikilli speki og gegnhugsaðri þekkingu í eðlisfræði, reynt til að gera grein fyrir ástæðunum til þess að frumurnar þurfa að sameinast, ef vaxið á að geta orðið fram til nýrra einingja. En þó vantar mjög verulega á það sem Spencer segir. Því að það er mjög líklegt, að frumurnar magnist hvor af annarri, og að það sé þess vegna, sem þær fara að skiptast og vaxa. Þetta kemur mjög fróðlega í ljós af athæfi sumra þeirra fyrstlinga, sem skolpdýr eru kallaðir (*infusorium*). Þar sameinast frumurnar, eða fyrstlingarnir að vísu, en aðeins um stund, skilja síðan og fara að skiptast og vaxa, hvor fyrir sig. Vér rekum oss þannig, undir eins, neðst niðri í lífríki jarðar vorrar, á víxlmagnanina, sem aðalatriði í ástum. Og eins og síðar segir, eru miklar líkur til þess, að vér getum einnig bent á hana hjá verum, sem miklu lengra eru komnar en æðsta veran á jörðu hér. Magnan er eðli ástarinnar, og magnan til aukins lífs. En þar sem vér skiljum nú, að lífið er tilraun til að koma fullkomnari samstillingu á efnið, þá getum vér sagt, að ástin er geisli þess kraftar, sem er að skapa heiminn.

II

Saga ástarinnar er sérstaklega vel fallin til þess að gera oss að heimspekingum, og kenna oss að skilja það, sem um fram allt verður að vita, til þess að átta sig á lífinu á jörðu hér. En það er, að saga lífsins hér, er saga vaxandi þjánings. Framsókn lífsins hefir verið framsókn til ávallt meiri þjánings. Stefna hinnar vaxandi þjánings ræður.

Vér þurfum ekki að efast um, að ástir fyrstlinganna, eru án þjánings, og jafnvel án nokkurra óþæginda. En ef vér lítum upp eftir dýraríkinu og virðum fyrir oss ástir, sem mikla þýðingu hafa fyrir oss hér á landi, ástir þessarar merkilegu veru, sem kölluð er þorskur — en það þýðir þurr fiskur — þá sjáum vér, að nokkur breyting er orðin til hins verra.

Hrognin eða eggin, sem vaxa milljónum saman í líkama þyrskjunnar — sem kalla mætti — eru hvert fyrir sig ein fruma. Hvert egg svarar því til fyrstlings. Og hver slík fruma er næsta furðulegur hlutur, því að í henni býr tilhneiting og máttur til að margfaldast og vaxa, svo að nýr þorskur verði af. Þessi furðulega magnaða fruma tekur til sín næringu, og breytir henni þannig, og skipar niður, að þorsklíkami verður árangurinn. Og þó er nærið því ennþá furðulegra að virða fyrir sér karlþorskinn, því að frumurnar sem í honum vaxa, þannig að hver þeirra hefir tilhneiting til að verða að heilum þorski, skipta eigi einungis milljónum, heldur miljörðum. Verðimegund þorsks, eða möguleiki til þorsks, er í hverju eggi og hverjum sáðli, en ekki verður þó sá vöxtur, nema sameinast sé. Talað er um einhverjar ástaraðfarir slíkra fiska, sem þorskurinn er, en þó sameinast egg og sáðill í sjónum, eins og kunnugt er, og þar fer allur vöxturinn fram. Af ýmsu, sem ekki þarf hér að telja, má ráða, að ástalifið sé ekki alveg án óþæginda fyrir þessar skepnur, og alkunnugt er, með hve miklum háska er leitað upp undir löndin, af þeim hvötum.

Lítum vér nú enn hærra upp eftir dýraríkinu, þá sjáum vér, að sameining eggs og sáðils verður í líkama kvendýrsins. Og hjá spendýrunum, verður fóstrið að nokkurskonar

parasit, spellveru í líkama móðurinnar, sem aflagar hann og þyngir. Erfiðleikarnir, sem ástalífinu fylgja, fara greinilega, þegar á allt er litið, vaxandi, eftir því sem hærra kemur í dýraríkinu. Og það sem mestu skiptir, og enginn vafi getur á leikið, er að þrautir og þjáningar ástalífsins, eru langmestrar hjá þeirri verunni, sem æðst er og yngst, á jörðu hér.

III

Of löng yrði þessi saga, ef ég reyndi til þess að fara að lýsa nokkuð nákvæmlega þeim þrautum og þjáningum ástalífsins, sem yngstar eru og mestar á jörðu hér. En þess þarf heldur ekki. Tilganginum er náð, ef lesendurnir gera sér ljóst, hvernig helstefnan kemur fram í hinni ömurlegu ástasögu mannkynsins, á jörðu hér, og hvernig hún kemur því glöggar fram, sem mannættin er æðri, svo að hvítir menn eiga þar miklu verra, heldur en svartir, gulir og brúrir, og verst það sem æðst er hins hvíta mannkyns. Með þeim harmkvælum er barnið fætt, að jafnvel, þó að um auðvelda fæðingu sé að ræða, sem kallað er, þá er það örvaenting meðan á því stendur. Þetta finnst mönnum sjálfsagt og eðlilegt, menn eru svo undarlega sljóir gagnvart mannlegri þjáning, vitsljóir á ég við, en ekki tilfinningasljóir. Jafnvel Arthur Schopenhauer, sem í því efni hefir þó verið allra spekinga glöggskyggastur, skildi ekki hvað þetta þýðir. En það þýðir að verið er á glötunarvegi. Tegundin homo sapiens er að deyja. Þá sýna samfaraveikindin ekki síður en hinar erfiðu fæðingar hver gangurinn er í sögu lífsins á jörðu hér. Sýklar valda veikindum þessum, og mér er að koma í hug, að til nokkurs góðs gæti orðið að taka þetta fram, því að sú trú virðist vera til, að veikindi þessi geti verið eðlileg afleiðing af samförum karls og konu, þó að heilbrigð séu. Lífarnisfræðin er því miður svo skammt komin hjá oss á jörðu hér, og menn vita síst sitthvað það, sem einmitt ríður mest á að vita.

Samfaraveikindin, sem mannkynið er einsamalt um, eru einn af allra ljótustu blettunum á lífi jarðar vorrar, og hafa orðið til þess að auka ákaflega mannlegt böl, því að bæði

eru þau algeng, og geta verið kvalafull mjög. Og þessi illi þjáningsarauki, er eigi einungis ungar í sögu lífsins á jörðu vorri, heldur jafnvel í sögu mannkynsins.

En allra ljótasti bletturinn, og sá sem best sýnir hversu skökk eða dysexeliktisk framvindan er hér á jörðu, er sú umhverfing tilfinninganna, sem kemur fram í því, að samfarafýsninni verður ekki fullnaegt nema með því að hata og kvelja, jafnvel til dauða. Og mjög virðist mér eftirtektarvert, hve stórkostleg brögð hafa verið að þesskonar glæpum, þessi illu ár, sem mannleg hörmung hefir komist á hærra stig en nokkru sinni áður.

IV

Um það hefir mikið verið rætt, hvort nokkuð framhald sé ástarinnar milli manns og konu, eftir að lokið er lífinu hér á jörðu. Og þarf ekki að efa, að svo muni vera. Heimurinn er viðleitni til samstillingar — og hrún þegar sú viðleitni mistekst — og í ástinni kemur þessi viðleitni fram á merkilegasta hátt. Og vér getum jafnvel sagt, að þrátt fyrir sína mörgu og miklu ósigra, þá er ástin það sem sterkest hefir stefnt á jörðu hér. Og með því að virða fyrir oss sumar goðasögur, getum vér gert oss nokkra hugmynd um, hvernig framhaldið verður, þar sem hin góða stefna ræður. Sagan segir, að hin glóeyga gyðja Aþena hafi fullorðin fæðst, og það eru aðeins sumar sögur, sem segja að hún hafi enga móður átt. Og sjálfur hinn mikli faðir, skýsafnarinn Zevs, fæddist frumvaxta, segir Plótín: koros ede ón. Og menn skulu ekki ímynda sér, að það sé ekkert mark takandi á slíkum sögum. Þær eiga upptök sín í vitrunum eða draumum goðmálugra manna, og er í slíku, fyrir þá sem lesið hafa Nýal, ekkert óskiljanlegt eða yfirnáttúrlegt. Vér getum vel skýrt slíkar sögur. Ástin er tilraun til samstillingar, víxl-magnanar til aukins lífs. Þegar hönd tekur hönd, munur leitar munns og auga horfir í auga, þá er slíkt tilraun til samstillingar. Að gefa og eignast sem fullkomlegast, komast sem næst alsamstillingu, er takmark elskendanna. En þar sem er alsamstilling allra þar er hin æðri lífheild, hyperzóon,

eins og áður hefir verið á minnst. Sambandið milli manns og konu er því vísis til æðri veru, ástin tilraun til hins æðra lífs. Og af slíku getum vér ráðið nokkuð í, hvernig vera muni ástalífið hjá hinum dýrðlegu, sem getur í goðasögum. Guð og gyðja nálgast hvort annað í ást, skínandi ennþá fegur en áður — því að það er hið æðsta eðli fullkomnunarinnar, að geta alltaf aukist. Þó að fögur samstilling væri fyrir, þá verður hún þó nú ennþá fegri, og hin guðlega gleði, hið guðlega lífsafl, kemst á ennþá hærra stig en áður. Og sjá! Hið þriðja er þar, vera sem er af báðum hinum guðlegu elskendum, og fullkomin á sömu svipstund sem hún verður til. Þar er enginn meðgöngutími, engin aflögur hins óumræðilega fagra líkama gyðjunnar, engin erfið fæðing; aðeins aukning hins guðlega lífsafls, fyrir fullkomnari samstilling en áður.

Og það er ekkert dularfullt, hvernig þetta geti orðið. Vér vitum, að frá hverjum líkama geislar kraftur, sem miðar til að endurskapa eða endurframleiða slíkan líkama. Og þegar nú geislan af líkama guðsins, mætir geislan af líkama gyðjunnar, þá eflir hvor aðra, og nýr guð verður til. Það sem á sér stað, er líkt því sem gerist, þegar maður sem deyr á einni stjörnu, fæðist, eða eignast nýjan líkama á annarri, eins og áður er af sagt (Stjörnulíffræði).

Afar fróðlegt er nú að sjá þannig fram á, að í ástum guðanna muni ráða sama lögmálið og í ástum fyrstlinganna, þó að hinsvegar munurinn sé mikill. Og ekki þurfum vér að gera ráð fyrir, að ástir eins og þær sem nú var lýst, taki við, þegar í stað, af ástum manns og konu á jörðu hér. Vér verðum að telja mjög líklegt, að framhaldið sé í fyrstu, þegar vel stefnir, svipað því sem er um farsælar ástir á jörðu hér, en engin sorg eða kvöl sem spillir, og óblandin fögnumur yfir ungbörnum.

V

Guðirnir eru miklu merkilegri verur en jafnvel forfedurnir, sem trúðu á þá, ímynduðu sér. Hár þeirra er fegra en gull, og bjartari eru þeir að sjá en sólin. Það er ekki að ástæðu-

lausu, að guð þýðir hinn bjarti, og eins flest goðanöfn. Hér má nú vel koma greind við, þegar vér vitum, fyrir hinar fögru rannsóknir Kilners, um skinið frá mannslíkamanum. Það skin er daft, svo að sérstakan útbúnað þarf til að geta greint það; en skinið frá líkama guðsins er bjart, af því að hið guðlega lífsafl er svo miklu meira. Og einmitt af því að aflsvæðið kringum líkama guðsins, er eins magnað og marka má af skininu, er það sem guðlegar ástir geta orðið þannig sem áður var sagt. Og nú er það fróðlegt mjög að sjá, að einnig í þeim sögum, sem sagðar eru af vorum eigin, kæru guðum, kemur þetta fram, að guðirnir fæðast fullorðnir. Og þetta er því merkilegra, sem hvorki hinir goðmálugu menn fornaldarinnar, né tómfræðingar seinni tíma, hafa gert sér grein fyrir þessu.

Í hinni frægu sögu af viðureign Þórs og Hrungnis, segir frá því hversu Þórr lá fallinn, og allir Æsir gengu til og gátu ekki hjálpað. Þá kom til Magni, sonur Þórs og Járnsöxu; hann var þá aðeins þrínaður, og gat þó það sem goðin hin gátu ekki. Magni, sem er svona mikill fyrir sér þriggja daga gamall, er auðvitað fæddur frumvaxta, eins og Zeus. Og þessi skoðun styðst enn við það, sem segir af Vála, syni Óðins og Rindar, sem vinnur afreksverk einnættur.

Pessar sögur verða því merkilegri, sem vér virðum þær betur fyrir oss. Það er eftirtektarvert, að þessir nýfæddu guðir skuli vera þarna til taks, þegar á þeim þarf að halda. Þórr hefir átt ástarfund við Járnsöxu, sem var jötunsmey, skömmu áður en hann ætlaði að reyna sig við þann, sem sterkastur var af jötnum. Og vér þurfum ekki að hugsa neitt ljótt um Þór af þeim sökum, því að Járnsaxa mun verið hafa hin fríðasta sýnum, eins og fleiri þær sem jötna ættar voru. Gýgur var Skaði, og þó hin fríðasta, eins og nafnið bendið til; því að það þýðir: hin sjálega, og er nú, í dönsku, nafn á fugli, sem miklu glæsilegri er á lit og snotrari á vöxt, en frændfuglar hans, hrafn og kráka, sem nafn hafa fengið af röddinni. Og jötunsættar var Gerður, sem Frey varð svo mikið um að sjá. En móðir hinnar mjög lýsandi Gerðar hét Aurboða, og mun því einnig hafa verið tiltakanlega skínandi

(Aur: skin; sbr. að bjóða af sér góðan þokka).

Það virðist nú ekki fjarri sanni, að Þórr hafi leitað ásta Járnsöxi, einmitt til að magnast af henni og gera sig færان til að eiga við jötuninn, og að árangur þeirrar magnanar hafi Magni verið. Það má líka geta þess til, að Magni hafi ekki náð fullum kröftum alveg eins fljótt og þurft hefði, vegna þess að eitthvað hafi vantað á fulla samstillingu guðs og gýgjar.

ENN bendir í þessa sömu átt, sagan af ferð Þórs í Geirrōðargarða, sem Eilífur Guðrúnarson hefir svo stórkostlega í kvæði sett. Einnig þar kemur fram, að þegar Þórr ætlar til stórræða í Jötunheimum, þá fer hann til gýgjar áður, til að auka sér megin. Ekki er samt þar um neinn ástafund að ræða, heldur gefur gýgurin honum megingjarðir, og er þó ekki ólíklegt, að átt sé við einhverja eflingu eða magnan fyrir orkusamband.

VI

Áður (s. 64 og 126) hefi ég minnst á hina merkilegu lýsingu Plótíns á því, sem hann kallar hugarheiminn, eða hinn hugsaða heim, kosmos noetos, en er auðsjáanlega líf hinna lengra komnu á öðrum stjörnum. Og mjög dýrðlegar verðum vér að hugsa oss þær verur. Svo fullkomnum yfirráðum hafa þær náð, sumar, yfir öflum síns hnattar, að þar er ekkert liflaust framar. Hið dýrðlega líf guðanna ræður þar í öllu. Það, sem áður var hin liflausa náttúra, er gegnmagnað orðið af guðlegu lífsaflri. Og þó þurfa einnig þessar dýrðlegu verur að auka sér afl. Hið ófullkomna, þjáning, sorg, ófegurð, er til, þó að á öðrum stjörnum sé, og guðirnir leitast við að eyða allri ófullkomnum. Ég er hér aftur kominn að hinni stórmerkilegu sköpunarsögu í Timaios (Nýall s. 41). Hin guðlega geislan leitar út til hins ófullkomna efnis, og lagar það eftir sér. Það er slík geislan, sem fyrst tendrar lífið á stjörnunum, þegar svo langt er komið kólnuninni, sem til þess þarf. Og furðulegt er að hugsa sér. Á einhverri stundu sér guðinn, að skinið af lífsaflri hans, hans eigin sál, hefir á stjörnu sem er ef til vill í centiljóna mílna fjarlægð,

skapað sér lágan líkama, og niðurlægst eftir líkamanum. Þetta er þessi nevnis (lútan), sem spekingurinn talar um, þessi hneicing sálarinnar, sem er hnignun, sálin sem lýtur niður að efninu, og niður í það, og „gleymir föðurnum.“ Og þessi óvitra sál sem er háð orðin líkama sem eyðileggst, er þó hluti hinnar æðri veru, eða neisti; apospasma kallar Marcus Aurelius það.

Pið getið nú nærri, hvort guðnum muni ekki vera annt um þessar lágu verur, sem eru í rauninni ekkert annað en útjaðar og takmörkun á veru hans sjálfss, og hvort hann muni ekki leitast við að magna sig sem mest hann má, til þess að geta hjálpað hinum lágu verum fram á braut fullkomnunarinnar.

Furðuleg er þessi saga, og vér erum hér komnir að skýringu á sumum þeim kenningum fornspekinga, sem myrkastar hafa þótt, og þó hinum merkilegustu. Hinn ágæti Anaximander sagði, að maðurinn ætti kyn sitt að rekja til lágra sjávardýra, eins og vér nú vitum rétt vera. En Platon og Empedokles kenndu, að mennirnir gætu aftur í framhaldi tilveru sinnar, eftir dauðann, orðið að lágum verum, jafnvel skorkvikindum. Vér sjáum nú fram á, hvað sannleikurinn muni vera í slíkum kenningum. Hið mikla samband er ljóst. Einhver hefir vaxið fram af lágri veru til manns, og framyfir það, jafnvel allt til þeirrar lýsandi veru, sem vér köllum guð. En jafnvel hin leyndasta ófullkomnun sem til er í eðli hans ennþá, kemur þó fram í geisluninni frá honum, leitar sambands við hið ófullkomna efni, og skapar sér lágan líkama. Á slíkum stöðum verða eins og útgarðar ófullkomnunarinnar, þar sem verðandin snýst til vaxandi þjánings, og ekki tekst að komast á hina sönnu framfaraleið. Og meðan þannig gengur, þá eyðist hinn tilsendi kraftur svo mjög, að hin æðri vera getur ekki orðið hin æðsta vera.

Vér þurfum ekki að efa, að allrar orku sé neytt til þess að hjálpa þessum ófarsælu verum í útgörðum ófullkomnunarinnar, þar sem þessi líkami, sem lífið hefir skapað sér, kvelst og eyðileggst á svo hræðilegan hátt. Og afar furðulegt er að hugsa sér, hvernig sumir þeir sem eru að reyna að hjálpa, eru

einnig að hjálpa sjálfum sér. Því að ef þeim tækist ekki að koma hinni lægri veru á braut framfaranna, þá mundu þeir sjálfir hníga niður í ófullkomnunina. En það er vandi mikill að hjálpa. Einungis sannleikurinn getur hjálpað, en ekkert hata menn eins og fyrirlíta á stjörnum þar sem þjáðst er og dáíð, eins og sannleikann.

VII

Gætum nú að hvernig vaxið er fram. Sálin sem stafaði frá hinni æðri veru, en svo hafði gleymt sér, að hún var aðeins líf, ekki vit, fer að muna eftir sér. Fyrir áhrifin frá þeim lengra komnu, koma upp hjá þessu dýri, sem byrjar að hugsa, og kallar sig mann, hugmyndir um líf eftir dauðann og æðri tilveru. Og þar kemur, að meðvitund einhvers af hinum æðri, framleiðist — inducerast — í einhverjum af þessum óæðri verum, sem kallast menn. Hin æðri vera hafði vitað af sér í niðurlægingu í þessum óæðri verum. Nú kemur þar, að einhver af hinum óæðri veit af sér í hinni æðri veru, og fer að tala um föðurinn. Slíkt hefir oft komið fyrir á jörðu hér, þó að eitt dæmið sé kunnast. Pannig kemur goðorðsmaðurinn fram, hinn goðmálugi maður, eða goðinn, maðurinn, sem finnst hann í rauninni vera guð eða guð í sér. Og þesskonar menn verða trúarbragðahöfundar. En allt sem þeir segja er af misskilningi sagt, hina eiginlegu þekkingu vantar. Kenning þeirra er síðan, eftir þeirra dag, aflöguð, aukin og ummynduð á ýmsan hátt, og þegar menn vitkast meir, og þykjast glöggt sjá missmíði á kenningunni, þá hætta margir að leggja nokkurn trúnað á þessi efni.

Enn er vaxið áfram, þekkingar leitað, vísindi sköpuð. Og þar kemur einhvern dag, að einhver sem gert hefir að ævistarfi sínu að leita þekkingar, byrjar að átta sig á þessum hlutum, og leggur undir vísindin, það sem áður hafði verið svæði trúarbragðanna. Og þá hefst ný heimsöld. Þar sem áður höfðu verið útgarðar ófullkomnunarinnar, þar sem hin guðlega orka hafði eyðst og umhverfst, þar fer nú að lærast að samstilla sig hinum æðri verum og fá þátt í orku þeirra. Hin guðlega aflraun, að breyta ófullkomnuninni í fullkomn-

un, fer að takast, og heimurinn allur kemst á þá braut, sem liggur fram til að verða hin æðsta vera. En það þýðir: hin æðsta tegund veru, en ekki, að eitthvað sé til óæðra. En þegar verður sú vera, sem bætir við sig óendantlega, sem fer fram óendantlega án hnignunar, þá hefir tekist fullkomlega þessi mikla tilraun, sem heitir heimur. Ástin hefir sigrað til fulls, og geislinn sem var að reyna að brjótast fram í ófullkomnum inni, er orðinn hið óendantlega ljós sjálft.